

Yfirskrift:	Stjórnarfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana			
Stjórnarfundur	Dagsetning:	5. maí 2025	Tími:	12:00 – 13:30
Fundarstaður:	Guðrúnartúni 1 og Teams			
Fundarstjóri:	HÞ			
Ritari:	AS			
Á fundinn mættu:	Arnór Snæbjörnsson (AS), Ágúst Hjörtur Ingþórsson (ÁHI), Helga Þórisdóttir (HÞ), Hildur Ragnars (HR), Ingibjörg Jóhannsdóttir (IJ), Magnús Ingvason (MI), Sigríður Kristinsdóttir (SK) og Anna Hermannsdóttir (AH), framkvæmdastjóri félagsins			
Fjarverandi::				

Fundargerð stjórnarfundar FFR 5. maí 2025

1. Fundargerð stjórnarfundar 31. mars 2025

Fundargerð stjórnarfundar 31. mars síðastliðinn var samþykkt.

2. Trúnaðarmál

Umfjöllun dagskrárliðar bókuð í sérstökum bókunum með fundargerð.

3. Aðalfundur og málstofa

Farið yfir skipulag og dagskrá aðafundar sem haldinn verður föstudaginn 9. maí næstkomandi. Áður en hefðbundin aðalfundarstörf hefjast verður málstofa um starfsmannalögin, mannauðsstjórnun og vinnustaðamenningu stofnana, auk þess sem leitað verður svara við því hvort tilefni sé til að breyta starfsmannalögunum. HÞ formaður FFR mun opna fundinn með stuttu erindi um gildi opinberra starfa en aðalfyrirlesari verður Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, prófessor við viðskiptadeild HÍ sem vinnur nú að rannsókn á starfsmannalögunum. Stefnt er að því að enda á stuttri vinnustofu um hvað forstöðumenn telja mikilvægast að breyta í starfsmannalögunum.

Eftir umræður var ákveðið að leggja fram tillögu á aðalfundi um hækkun á árgjaldi úr 25.000 í 30.000 kr. en gjaldið hækkaði síðast árið 2016.

4. Dómur Landsréttar í máli nr. 98/2024

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 2. nóvember 2023 var viðurkenndur réttur forstöðumanna til rökstuðnings fjármála- og efnahagsráðherra fyrir ákvörðun um starfskjör þeirra og til aðgangs að skriflegum gögnum er ákvörðunina varða. Dómurinn var í samræmi við álit setts umboðsmanns

Alþingis í málum nr. 10343/2019 og 10475/2020. Fjármála- og efnahagsráðuneytið undi hins vegar ekki þeirri niðurstöðu og áfrýjaði málinu til Landsréttar sem þann 10. apríl síðastliðinn komst að öndverðri niðurstöðu. Dómurinn klofnaði, en einn dómari vildi staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Stjórn FFR telur það afar mikilvægt að óskað verði eftir leyfi til að áfrýja framangreindum dómi Landsréttar til Hæstaréttar enda hér tekist á um grundvallaratriði og réttarstöðu forstöðumanna.

5. Samráð FFR og KMR

Samráðsfundur FFR og KMR verður haldinn í kjölfar stjórnarfundar. Á fundinum mun FFR fylgja eftir þeim fjölmörgu málum sem fjallað hefur verið um á fundunum á liðnum vetri.

6. Starfshópur fjármálaráðherra um launafyrirkomulag forstöðumanna

HÞ, SK, ÁHI og AH greindu frá fundi með starfshópnum í byrjun apríl mánaðar. Gera má ráð fyrir lokaskýrslu frá hópnum í byrjun sumars.

7. Önnur mál

HÞ greindi frá því að innan tíðar megi gera ráð fyrir viðbrögðum frá dómsmálaráðuneyti við erindi FFR um öryggismál forstöðumanna.